



Fréttabréf Hagfræðideildar

September 2024

Hagfræðideild Landsbankans

Markaðsdagatal – september 2024

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
2	3 Greiðslujöfnuður við útlönd (SÍ)	4 Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ)	5	6 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
9	10 Brottfarir um Leifsstöð (FMST) Skráð atvinnuleysi (VMST)	11 Verðbólga í Bandaríkjunum	12 Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Evrópu	13
16	17 Vísitala íbúðaverðs í ágúst (HMS) Greiðslumiðlun (SÍ)	18 Vísitala leiguverðs í ágúst (HMS) Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Bandaríkjanna Verðbólga í Bretlandi	19 Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka	20
23	24	25 Yfirlýsing fjármálastöðugleikanefndar ásamt útgáfa fjármálastöðugleikaskýrslu (SÍ)	26	27 Vísitala neysluverðs í sept. (HAG) Hagvísar (SÍ)
30				




Verðbólga

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,09% á milli mánaða í ágúst og við það lækkaði ársverðbólga úr 6,3% í 6,0%. Þetta var mun minni hækkun en við höfðum gert ráð fyrir, en við spáðum 0,36% hækkun á milli mánaða og að ársverðbólgan myndi haldast óbreytt í 6,3%. Árshækkun VNV án húsnæðis minnkaði á milli mánaða og það sama á við um allar kjarnavísitölurnar.

Hagsjá: Verðbólga undir væntingum - lækkar í 6,0%


Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða

Þvert á okkar spá lækkaði menntunarliðurinn töluvert, en það skýrist af niðurfellingu skólagjalda í nokkrum háskólum. Þar að auki lækkaði matarkarfan, í fyrsta sinn í þrjú ár. Flugfargjöld til útlanda lækkuðu venju samkvæmt í ágúst, þó minna en við höfðum spáð. Sumarútsölur virðast ganga hægar til baka en oft áður og því hækkaði verð á fötum og skóm nokkuð minna en við höfðum spáð. Rafmagn og hiti hækkuðu töluvert vegna gjaldskrárhækkana, en reiknuð húsaleiga hafði mest áhrif til hækkunar í ágúst.

Framlag undirliða í júlí



Ágústmælingar VNV




Samsetning ársverðbólgu


Framlag reiknaðrar húsaleiga til ársverðbólgu hækkaði nokkuð á milli mánaða, sem skýrist af því að sá liður hækkaði á milli mánaða í ágúst í fyrra. Framlag flugfargjalda til útlanda jókst lítillega og einnig framlag húsnæðis án reiknaðrar húsaleigu, en að öðru leyti dreifðist lækkun á ársverðbólgu nokkuð jafnt yfir helstu undirliði.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.




Horfur næstu mánuði

Við gerum ráð fyrir að ársverðbólga verði 5,9% í september, 5,4% í október og 5,0% í nóvember. Spáin nú er um 0,4 prósentustigum lægri en síðasta spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni í ágúst. Mestu munar um að ágústmælingin var lægri en við bjuggumst við, auk þess sem við tökum nú tillit til niðurfellingar á gjöldum skólamáltíða sem ættu að hafa áhrif í september.


Verðbólguþáttur

Breyting milli mánaða



Verðbólguþáttur

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hélt vöxtum óbreyttum á fundi sínum í ágúst. Yfirlýsing nefndarinnar var að okkar mati örlítið harðorðari en síðasta yfirlýsing, en nú er talað um að það geti tekið „nokkurn tíma“ að ná fram ásættanlegri hjöðnun verðbólgu, sem kom ekki fram í síðustu yfirlýsingu. Tekið er fram, líkt og síðast, að nefndin telji núverandi aðhaldsstig hæfilegt til þess að koma verðbólgu í markmið, en nú er því bætt við að þrálát verðbólga og kraftur í innlendri eftirspurn kalli á varkárni. Við teljum þetta benda til þess að biðin eftir fyrstu vaxtalækkun gæti lengst og jafnvel dregist fram á næsta ár.

Vaxtaákvarðanir peningastefnunefndar

Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
9. feb. 2022	+0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, KÓ			+0,75%	2,75%
4. maí. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+1,00%	3,75%
22. jún. 2022	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,25%)	+1,00%	4,75%
24. ágú. 2022	0,75%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+1,00%)	+0,75%	5,50%
5. okt. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS			+0,25%	5,75%
23. nóv. 2022	+0,25%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		GZ (+0,50%)	+0,25%	6,00%
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí. 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024					óbr.	9,25%
2. okt. 2024						
20. nóv. 2024						

Meginvextir Seðlabanka Íslands




Vísitala íbúðaverðs

Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,8% á milli mánaða í júlí. Hækkunin er sú sjötta í röð, en vísitalan hækkaði um 1,4% í júní og maí, 0,8% í mars og apríl og um 1,9% í febrúar. Árshækkun vísitölunnar jókst úr 9,1% í 11,0%, en svo mikil hefur árshækkunin ekki verið síðan í febrúar 2023. Árshækkun vísitölunnar var minnst 0,7% í júlí í fyrra og hefur aukist stöðugt síðan. Líkt og í síðasta mánuði var það fjölbyli á landsbyggðinni sem hækkaði mest á milli mánaða, um 2,6%.


Vísitala íbúðaverðs

Breyting milli ára




Síðustu sex mánuðir

Breyting milli mánaða




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag lækkaði í kjölfar þess að ágústmæling VNV var nokkuð lægri en búist var við. Í lok mánaðarins var álagið 4,00% til tveggja ára (-0,35% í mánuðinum), 3,82% til fimm ára (-0,26% í mánuðinum) og 3,82% til tíu ára (-+0,13% í mánuðinum). Álagið til fimm ára eftir fimm ár var óbreytt í 3,82% í mánuðinum.



Raunstýrivextir


Raunstýrivextir voru að mestu neikvæðir árin 2020 og 2021 á þeim tíma sem verðbólga var á uppleið en eru nú jákvæðir á alla mælikvarða. Raunvaxtastigið er um 3% miðað við liðna verðbólgu og á milli 4,8% og 5,5% miðað við verðbólguvæntingar.



Verg landsframleiðsla


Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar mældist 0,3% samdráttur landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi. Minni einkaneysla, meiri innflutningur og minni útflutningur en á öðrum ársfjórðungi í fyrra höfðu áhrif til lækkunar. Aftur á móti mældist meiri samneysla og fjármunamyndun en á sama tíma í fyrra ásamt því sem framlag birgðabreytinga var jákvætt. Hagkerfið hefur nú dregist saman tvo fjórðunga í röð, en þar áður hefur mælst samfelldur hagvöxtur síðan á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Hagsjá: Samdráttur annan ársfjórðunginn í röð




Velta samkvæmt VSK-skýrslum

Velta hefur dregist saman í framleiðslu málma, í sjávarútvegi og lítilliga í ferðaþjónustu, en aukist verulega í lyfjaiðnaði. Innanlands hefur velta dregist saman í tengslum við sölu og viðhald á bifreiðum, en aukist í fasteignaviðskiptum.



Skráð atvinnuleysi


Skráð atvinnuleysi var 3,1% í júlí sem er það sama og í júní. Atvinnuleysi lækkar jafnan á milli mánaða í júlí, þannig að óbreytt atvinnuleysi bendir í raun til lítillega minnkandi spennu á vinnumarkaði. Til samanburðar var atvinnuleysi 2,8% í júlí í fyrra.



Greiðslukortavelta íslenskra heimila


Uppfærð gögn Seðlabankans gefa til kynna að kortavelta íslenskra heimila hafi verið þó nokkuð meiri á þessu ári en áður var talið. Heildarkortavelta Íslendinga hefur aukist á milli ára alla mánuði ársins og hefur verið 4% meiri að raunvirði það sem af er ári en á sama tímabili í fyrra.

Hagsjá: Neysla heimila meiri en áður var talið



Hrein ný íbúðalán


Hrein ný verðtryggð útlán innlánastofnana í júlí voru 19 ma.kr. og hafa ekki verið meiri síðan í september 2021. Í júlí var nettó uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum 16 ma.kr., en nettó ný verðtryggð lán voru 35 ma.kr.



Viðskiptajöfnuður við útlönd


Viðskiptajöfnuður var neikvæður um 30,5 ma.kr. á 2. ársfjórðungi. Þetta er mun verri niðurstaða en á 2. ársfjórðungi í fyrra þegar 6,4 ma.kr. afgangur mældist. Munar langmestu um að afgangurinn af þjónustujöfnuði dróst saman um 21,7 ma.kr. milli ára, en auk þess jókst hallinn af vöruskiptajöfnuði um 6,9 ma.kr., afgangurinn af frumpáttatekjum dróst saman um 5,9 ma.kr. og hallinn af rekstrarframlögum jókst um 2,1 ma.kr.

Hagsjá: Halli á vöru- og þjónustuviðskiptum þrjá ársfjórðunga í röð.



Gengi krónunnar

Krónan veiktist á móti evrunni í ágúst eftir að hafa verið stöðug í kringum 150 krónur síðan í nóvember í fyrra. Í lok mánaðarins stóð evran í 152,9 krónum samanborið við 149,9 í lok júlí (2,0% breyting). Bandaríkjadalur gaf eftir í mánuðinum og stóð í 137,9 í lok ágúst samanborið við 138,4 í lok júlí (-0,4% breyting).



Gjaldeyrisingrip Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn greip síðast inn í á gjaldeyrismarkaði í febrúar þegar bankinn keypti evrur fyrir 9,2 ma.kr. til að mæta innflæði erlendra fjárfesta vegna kaupa þeirra á íslenskum ríkisskuldabréfum.



Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).